

Reykjavík, 20. desember 2018

Niðurstaða athugunar á verklagi við uppgjör á bótum vegna ökutækjatjóna hjá Verði

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á uppgjöri Varðar á bótum vegna ökutækjatjóna þegar um svokallað altjón er að ræða, en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingafélaga samkvæmt 10 gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, þ.m.t. tjónsuppgjöri. Með altjóni er átt við að tjón á bifreið er metið svo mikið að ekki sé skynsamlegt að framkvæma viðgerð á bifreiðinni, heldur kaupir váttryggingarfélag þá bifreiðina af viðkomandi eiganda á markaðsvirði hennar á tjónsdegi.

Markmið athugunarinnar var að skoða viðskiptahætti Varðar þegar kemur að uppgjöri bóta við slík altjón og hvort þeir séu í samræmi við þær kröfur sem lög og reglur kveða á um, svo og innri reglur félagsins.

Í athugininni var farið yfir verklag Varðar þegar um altjón er að ræða. Til að staðreyna verklag félagsins tók Fjármálaeftirlitið sex úrtök úr tjónsuppgjörum, þar sem Vörður hafði nýlega keypt bifreið af tjónþola sem orðið hafði fyrir altjóni.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í nóvember 2018. Helstu niðurstöður voru þær að verklag Varðar í úrtökunum hafi í meginatriðum verið í samræmi við þau lög og reglur sem gilda. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við að ekki hafi verið gerð skrifleg og rökstudd tilboð um bætur í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar þegar bifreiðar eru keyptar af tjónþolum þegar altjón á sér stað, sbr. einnig 3. gr. reglna nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Vörður geri viðeigandi úrbætur vegna framangreindrar athugasemdar.